

Fimmtudaginn 8. október 1998.

Nr. 333/1997.

Rannveig Rós Bjarnadóttir

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Tryggingu hf. og

Norðurlleið-Landleiðum ehf.

(Stefán Pálsson hrl.)

Stjórnarskrá. Bifreiðir. Líkamstjón. Örorka. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1997. Hún krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða sér 780.000 krónur með 2% ársvöxtum frá 22. október 1995 til 14. janúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi greiðslu á 395.000 krónum með vöxtum eins og greinir í aðalkröfu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti án tillits til gjafsóknar, sem henni hefur verið veitt á báðum dómstigum.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og nánar greinir í héraðsdómi, varð áfrýjandi fyrir slysi 22. október 1995, þegar hún var farþegi í hópferðabifreið í eigu stefnda Norðurlleiðar-Landleiða ehf., sem fór út af Norðurlandsvegi, þjóðvegi nr. 1, í Hrutafirði. Áfrýjandi var þá sextán ára að aldri. Við slysið hlaut hún viðbeinsbrot og tognaði í axlarlið og hálsi, en varð auk þess fyrir andlegu áfalli. Í álitserð 19. september 1996 mat Atli Þór Ólason læknir varanlega læknisfræðilega örorku áfrýjanda af þessum sökum 8%. Um leið lagði læknirinn mat á atriði varðandi ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón áfrýjanda, þjáninga-

bætur og varanlegan miska. Fyrir Hæstarétti eru aðilar sammála um, að stefndi Trygging hf. hafi þegar bætt áfrýjanda annað tjón hennar en vegna varanlegrar örorku.

Undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi breytt kröfum sínum í tilefni af dómum réttarins 22. maí og 4. júní 1998 í málum nr. 311, 312 og 317/1997. Áfrýjandi reisir endanlega aðalkröfu sína á því, að tjónþolum sé mismunað eftir því, hvort 5. gr. eða 8. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eigi við um þá, en slík mismunun stangist á við 65. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Áfrýjandi eigi því rétt á, að bætur verði reiknaðar eftir þeim aðferðum, sem mælt er fyrir um í 6. gr. og 7. gr. skaðabótalaga, en ekki eftir 8. gr. laganna, þótt hún hafi ekki aflað vinnutekna, svo að neinu nemi, fyrir slysið. Í aðalkröfu áfrýjanda er miðað við, að árslaun hennar til frambúðar hefðu orðið 1.300.000 krónur, sem hún kveður vera 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Í samræmi við 6. gr. skaðabótalaga, eins og hún var fyrir setningu laga nr. 42/1996, er síðastgreind fjárhæð margfölduð með 7,5, og eru síðan reiknuð 8% af útkomunni, sem geri fjárhæð aðalkröfu áfrýjanda, 780.000 krónur.

Varakrafa áfrýjanda er reist á því, að fyrrgreint ákvæði stjórnarskrárinnar standi því í vegi, að bætur vegna varanlegrar örorku handa þeim, sem hafi ekki aflað vinnutekna eða aðeins takmarkaðra fyrir slys, verði ekki greiddar, nema örorka sé að lágmarki 15%, svo sem mælt var fyrir um í 1. málslíð 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga fyrir breytingu ákvæðisins með 2. gr. laga nr. 42/1996. Bendir áfrýjandi á, að engin samsvarandi skerðing sé gerð á bótarétti þeirra, sem falli undir reglur 5.–7. gr. laganna. Verði því að dæma henni bætur fyrir varanlega skerðingu á getu til að afla vinnutekna, þótt örorka hennar nái ekki fyrrgreindu 15% lágmarki, og virða þannig að vettugi tilvitnað ákvæði skaðabótalaga, eins og gert hafi verið í dómi Hæstaréttar 4. júní 1998 í máli nr. 317/1997. Áfrýjandi kveðst reikna fjárhæð varakröfu sinnar, 395.000 krónur, eftir þeim aðferðum, sem kveðið er á um í 8. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga.

II.

Í máli því, sem leyst var úr með áðurnefndum dómi Hæstaréttar 4. júní 1998, var því meðal annars haldið fram, að sá munur, sem gerður sé á rétti til bóta fyrir varanlega örorku handa annars vegar þeim, sem hafa aflað vinnutekna fyrir slys, sbr. 5.–7. gr. skaðabótalaga, og hins vegar þeim, sem hafa ekki aflað vinnutekna eða aðeins óverulegra, sbr. 8. gr. laganna, stríði gegn 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar með áorðnum breytingum samkvæmt stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Því var hafnað með dóminum. Þegar af þessari ástæðu verður aðalkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina, enda eru ekki færðar frekari röksemdir fyrir kröfunni, sem leitt geti nú til annarrar niðurstöðu um þetta efni.

III.

Fallist verður á það með áfrýjanda, að fyrrnefndur dómur Hæstaréttar 4. júní 1998 leiði til þess, að líta verði fram hjá ákvæði 1. málsliðar 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku handa þeim, sem hafi ekki aflað vinnutekna eða aðeins óverulegra fyrir slys. Svo sem áður segir, hefur áfrýjandi lagt fram álitserð sérfræðings um varanlega örorku hennar vegna slyssins 22. október 1995. Stefndu hafa ekki hnekkð þeirri álitserð. Hún veitir því nægar líkur til þess, að áfrýjandi verði, þegar stundir líða fram, fyrir atvinnutjóni í skilningi 8. gr. skaðabótalaga vegna örorkunnar. Í álitserðinni er örorka þessi metin til miskastiga frá lækisfræðilegu sjónarmiði, svo sem gera ber samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. málslið 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga. Verður miskastig áfrýjanda samkvæmt álitserðinni því lagt til grundvallar við úrlausn málsins.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti vefengdu stefndu ekki, að bætur fyrir algeran miska samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga séu réttilega reiknaðar í máltilbúnaði áfrýjanda sem 4.293.500 krónur að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. 15. gr. laganna, frá gildistöku þeirra fram að þingfestingu málsins í héraði 14. janúar 1997. Miskastig áfrýjanda er, sem áður segir, 8%, en það hlutfall af síðastnefndri fjárhæð er 343.480 krónur, svo sem áfrýjandi leggur til grundvallar. Við ákvörðun bóta handa áfrýjanda nýtur ekki við margfeldistölu í 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga, enda er þar ekki gert ráð fyrir, að bætur samkvæmt greininni fyrir varanlega örorku

greiðist vegna svo lágs örorkustigs sem hér um ræðir. Að virtum reglum ákvæðisins um margfeldisstuðul í öðrum tilvikum þykir hins vegar mega fallast á það með áfrýjanda, að hér sé rétt að miða hann við 115%. Verður varakrafa áfrýjanda því tekin til greina með 395.000 krónum, eins og hún krefst.

Samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga og 15. gr. vaxtalaga verða áfrýjanda dæmdir 2% ársvextir af fyrrnefndri fjárhæð frá 22. október 1995 til 14. janúar 1997, en frá þeim degi ber að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Stefndu verða dæmdir til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir. Rennur málskostnaður í ríkissjóð vegna gjafsóknar áfrýjanda. Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað, en um gjafsóknarkostnað fyrir Hæstarétti fer samkvæmt því, sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Trygging hf. og Norðurleið-Landleiðir ehf., greiði í sameiningu áfrýjanda, Rannveigu Rós Bjarnadóttur, 395.000 krónur með 2% ársvöxtum frá 22. október 1995 til 14. janúar 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði í sameiningu í ríkissjóð samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, 140.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. apríl síðastliðið og endurupptekið í dag og dómtekið að nýju, er höfðað með stefnu, þingfestri 14. janúar 1997.

Stefnandi er Rannveig Rós Bjarnadóttir, kt. 230479-5269, Urðarbraut 24, Blönduósi.

Stefndu eru Trygging hf., kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík, og Norðurleið-Landleiðir ehf., kt. 490269-6659, Skógarhlíð 10, Reykjavík.

Í stefnu er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda „6.153.814 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 22. 10. 1995 til greiðsludags eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, allt að frá dregnum 694.866 kr. 29. 10. 1996“.

Pá er í stefnu krafist málskostnaðar „skv. fram lögðu málskostnaðaryfir-liti“, án þess þó að það hafi verið lagt fram.

Í stefnu eru í kafla, sem ber yfirskriftina „töluleg útlísta dómkrafa“, nefndar til sögunnar varakrafa, að fjárhæð 1.938.588 kr., og þrautavara-krafa, að fjárhæð 1.533.326 kr.

Við aðalmeðferð málsins gerði stefnandi auk ofangreindrar kröfu um greiðslu 6.153.814 kr. ásamt vöxtum þrjár varakröfur, sem hér segir:

1. varakrafa: Stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 2.558.875 kr. með sama vaxtafæti og að ofan greinir, allt að frá dregnum 694.866 kr., innborguðum 29. október 1996, og 6.302 kr., innborguðum 5. febrúar 1997.

2. varakrafa: Stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 1.938.588 kr. með sama vaxtafæti og að ofan greinir, allt að frá dregnum sömu fjárhæðum og fram koma í 1. varakröfu.

3. varakrafa: Stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 1.533.326 kr. með sama vaxtafæti og fyrr greinir og að frá dregnum nefnd-um innborgunum.

Stefnandi, sem fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 7. maí 1997, eftir dómtöku málsins, krefst í öllum tilvikum málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Jafnframt gerir hún þá dómkröfu, að máls-kostnaður verði tildæmdur, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Var mál-ið endurupptekið í dag að beiðni stefnanda og með samþykki stefndu til framlagningar gjafsóknarinnar.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins að við bættum 24,5% virðisaukaskatti. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Við aðalmeðferð var þeim varakröfum, sem gerðar voru í því þinghaldi af hálfu stefnanda, mótmælt sem of seint fram komnum.

Stefnandi höfðaði mál þetta upphaflega í eigin nafni, áður en hún varð lögráða, og kröfðust stefndu af því tilefni frávísunar málsins. Eftir að stefn-andi hafði bætt úr þessum ágalla, féllu stefndu frá fyrrnefndri kröfu sinni. Stefnandi varð lögráða daginn eftir dómtöku málsins, og breyttist sóknar-aðild þá aftur til samræmis við það, sem hún var í upphafi.

I.

Að kvöldi sunnudags 22. október 1995 valt hópbifreiðin R-4722 á þjóðvegi nr. 1, Norðurlandsvegi, í Hrútafirði, Vestur-Húnavatnssýslu. Bifreiðin var í eigu stefnda Norðurleiðar-Landleiða ehf., en váttryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Tryggingu hf. Stefnandi, sem þá var sextán ára að aldri, var farþegi í bifreiðinni, og hlaut hún tognunaráverka á háls, herðar og vinstri öxl auk viðbeinsbrots vinstra megin og ertingareinkenna í vinstri axlarhyrnulið. Þá varð stefnandi fyrir andlegu áfalli við slysið. Stefnandi fékk Atla Þór Ólason lækni til að meta örorku sína vegna slyssins. Samkvæmt mati hans, dagsettu 19. september 1996, var stefnandi alveg óvinnufær frá 17. nóvember 1995 til 31. janúar 1996. Þá mat hann þjáningar stefnanda svo, að hún hefði verið rúmliggjandi frá 22. til 25. október 1995 og veik, en með fótaferð, í þrjá mánuði þar á eftir. Læknirinn mat varanlegan miska stefnanda 8% og „hefðbundna, varanlega læknisfræðilega örorku“ hennar sömuleiðis 8%.

Með uppgjöri 29. október 1996 var líkamstjón stefnanda gert upp með 778.746 kr., sem hér segir:

Tímabundið atvinnutjón (vegna námstafar)	kr.	200.000
Þjáningabætur	–	67.500
Varanlegur miski	–	343.480
Vextir	–	36.842
Lækniskostnaður	–	4.100
Sjúkraþjálfun	–	8.724
Fatatjón og annað munatjón	–	4.000
Útlagður kostnaður vegna örorkumats	–	55.000
Lögfrkostn. vegna aðst. v/uppgj. auk vsk.	–	59.100
		<hr/>
Samtals	kr.	778.746

Af bótum fyrir tímabundið atvinnutjón, 200.000 kr., var dregin staðgreiðsla skatta, 41,94%, 83.880 kr. Fékk stefnandi þannig í sinn hlut 116.120 kr. og því alls 694.866 kr. Með bréfi hins stefnda tryggingafélags, dagsettu 5. febrúar 1997, var reikningsvilla í uppgörinu frá 29. október 1996, um ákvörðun bóta fyrir þjáningar, leiðrétt þannig, að bætur voru hækkaðar úr 67.500 kr. í 73.100 kr., eða um 5.600 kr. Þá voru til viðbótar greiddir vextir, 342 kr., og 360 kr. í viðbótarinnheimtulaun, eða samtals 6.302 kr.

II.

Stefnandi heldur því fram, að hin stefndu félög beri bótaábyrgð á því „líkamlega og fjárhagslega“ tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir greint sinn.

Geti félögin ekki stutt neitun sína um greiðslu bóta fyrir varanlega örorku á ákvæðum 1. másl. 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem ákvæðið brjóti í bága við meginreglur skaðabótaréttarins og stríði einnig gegn þeim grundvallarreglum, sem þegnum landsins er játað í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá sé 1. másl. 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga í ósamræmi við meginreglur og undirstöðurök laganna sjálfra, svo sem 1. gr. þeirra, af eftirfarandi ástæðum:

a) Stefnandi bendi á, að í upphaflegu frumvarpi að skaðabótalögum, sem lagt var fyrir 115. löggjafarþing, hafi verið gert ráð fyrir því, að engar örorkubætur yrðu greiddar, ef varanleg örorka væri innan við 15%, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Samsvarandi ákvæði hafi þá jafnframt verið í 1. másl. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu hafi þannig allir tjónþolar verið svipað settir á þá leið, að væri örorkuskerðingarstig undir 15%, greiddust bætur ekki fyrir varanlega örorku, hvort sem við hafi átt annars vegar 5., 6. og 7. gr. eða hins vegar 8. gr. Skýrt komi fram í umræðum á 116. löggjafarþingi, að það hafi þótt ósanngjarnt að svipta fólk bótarétti sínum með þessum hætti. Því hafi ákvæðið um skerðinguna verið fellt úr 5. gr. frumvarpsins, en einhverra hluta vegna láðst að breyta ákvæðinu í 8. gr. til samræmis við löggjafarviljann. Hafi því mistök orðið í lagasetningunni, og sé það beinlínis andstætt vilja löggjafans, að örorkubætur til þeirra, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig, að þeir hafi engar eða takmarkaðar tekjur, verði miklum mun lægri en til annarra eða falli niður eins og í tilviki stefnanda.

Þá segi m. a. svo í greinargerð með 3. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993: „Hér er einnig vísað til reglna 8. gr. um bætur vegna varanlegrar örorku tjónþola, sem nýtir starfsgetu sína að verulegu leyti til annars en til að afla vinnutekna.“

b) Stefnandi bendir á, að allt frá landnámi hafi allir menn á Íslandi búið við mannhelgi og friðhelgi eignarréttar. Sjáist þessa merki í Grágás og öðrum fornum lögbókum. Enda þótt efnishyggja síðustu aldar hafi höggvið nokkur skörð í þessi fornu mannhelgisákvæði, hafi þeim að nýju verið veitt brautargengi með aðild Íslands að ýmsum mannréttindasáttmálum, þar sem veruleg áhersla sé lögð á mannhelgi, en mannhelgi og eignhelgi séu samofin hugtök. Fyrir gildistöku laga nr. 50/1993 hafi enginn efast um, að hérlendis hafi verið til meginregla um rétt til bóta vegna varanlegrar örorku, enda þótt ekki væri kveðið á um regluna í settum lögum. Jafngömul hinum óskráðu lögum um bótarétt sé sú regla, að heilsu manna og starfsorku megi meta til fjár, enda verði skerðing á þessum verðmætum ekki bætt með nokkrum öðrum hætti.

Það, sem hér hafi verið rakið, staðfesti einnig, að 1. másl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1993 brjóti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Geti þetta ákvæði því ekki komið í veg fyrir rétt stefnanda til fullra bóta af eftirfarandi ástæðum:

ba) Ekki sé um almenna eignarskerðingu að ræða, heldur nái skerðingin einungis til þröngs hóps manna.

bb) Eigi sé um að ræða eignarskerðingu í þágu almannahagsmuna, heldur beina eignartilfærslu. Stefnandi og þeir, sem svipað séu settir, séu sviptir rétti til bóta, en tryggingafélög sleppi að sama skapi við greiðslu bóta.

bc) Engin gild rök hafi verið færð fyrir nauðsyn þessarar eignarskerðingar, heldur sé hún til komin vegna mistaka.

bd) 1. másl. 2. mgr. 8. gr. verndi ekki hagsmuni, sem hafi meira vægi en þeir hagsmunir, sem stefnandi hafi af því að fá fullar bætur vegna 8% varanlegrar örorku.

c) Stefnandi telur einnig, að 1. másl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1993 brjóti í bága við jafnræðisreglu þá, sem leidd hafi verið af mannréttindaákvæðum stjórnarskrár og nú sé að finna í 65. gr. hennar. Fullyrðir stefnandi, að með ákvæði þessu sé tiltölulega þröngur hópur manna sviptur bótarétti, en um sé að ræða þá, sem orðið hafa fyrir orkutjóni, þar sem miski sé einungis metinn 3–15%, og hafi engar eða mjög takmarkaðar tekjur. Út úr þessum hópi séu svo samkvæmt greinargerð með lögnum teknir þeir, sem eru atvinnulausir, þeir, sem stunda einhverja vinnu í tengslum við nám, og þeir, sem vinna 50% starf og þar yfir og falla því undir 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Eftir standi börn, unglingar (í mennta- eða fjölbrautaskólum) og ungmennti, er leggi stund á framhaldsbóknám, stundi þau ekki vinnu í tengslum við námið, svo sem iðnnemar geri. Fáir þeir, er falli innan þessa hóps, engar örorkubætur, en aðrir fullar. Sé hér verið að mismuna fólki á grundvelli aldurs og stöðu í þjóðfélaginu.

d) Stefnandi bendi á, að hún hafi hlotið 8% varanlega læknisfræðilega örorku, sem hafi samkvæmt eldri reglum og framkvæmd veitt henni rétt til verulegra bóta, en mjög skýrar reglur þurfi til að fella slík réttindi fólks úr gildi. Bendi stefnandi á, að í sínu tilviki hefði verið miðað við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna, ef sér hefðu verið ákvarðaðar bætur samkvæmt eldri lögum, þar sem engin reynsla hafi verið komin á starfsorku sína.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína sem hér segir:

Þjáningabætur, rúmföst 1.400×4	kr.	5.600
Þjáningabætur, veik	–	67.500
Varanlegur miski $4.293.500 \times 8\% \times 100$	–	343.480

Tímabundið atvinnutjón	–	200.000
Fjártjón og útlagður kostnaður	–	170.000
Annað fjártjón (s. s. námstöf)	–	300.000
Varanleg örorka $4.293.500 \times 118\%$	–	5.066.330
		<hr/>
Samtals	kr.	6.153.814(?)

Um aðalkröfu vísar stefnandi til þeirra málsástæðna, sem raktar eru undir a-lið.

„Varakröfu“ sína reisir stefnandi á því, að sér verði ákvarðaðar örorkubætur samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, í fyrsta lagi samkvæmt eldri löghelgaðri venju og í öðru lagi, verði það ekki samþykkt, á grundvelli meðaltekna iðnaðarmanna (75%). Miðað við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna 1995, 1.747.200 kr., yrðu örorkubætur stefnanda þannig ákvarðaðar:

Varanleg örorka $1.310.400 \times 7,5 \times 8\%$	kr.	786.240
Aðrir liðir aðalkröfu óbreyttir	–	1.073.724
		<hr/>
Samtals	kr.	1.859.964
10% hækkun vegna ungs aldurs, $786.240 \text{ kr.} \times 10\%$	kr.	1.938.588

Um varakröfu vísar stefnandi aðallega til þeirra málsástæðna, sem fram koma undir b- og c-lið, og þeirra sjónarmiða, er greinir í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993.

Prautavarakrafa stefnanda er svohljóðandi:

Varanleg örorka $343.480 \times 118\%$	kr.	405.306
Aðrir liðir aðalkröfu óbreyttir	–	1.087.489
		<hr/>
Samtals	kr.	1.492.795
10% hækkun vegna aldurs, $405.306 \times 10\%$	kr.	1.533.326

III.

Stefndu styðja sýknukröfu sína því, að með þeim bótum, sem stefndi Trygging hf. hafi innt af hendi 29. október 1996, auk leiðréttingarinnar 5. febrúar síðastliðinn hafi stefnanda verið greiddar fullar skaðabætur samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993.

Um margra ára skeið hafi það verið þekkt vandamál við ákvörðun bóta fyrir líkamstjón, að uppgjorsreglur hafi gert ráð fyrir tiltölulega háum bót-

um, þegar varanleg örorka hefur verið metin lágt, þ. e. 15% eða lægri. Að sama skapi hafi bætur verið lágur í þeim tilvikum, þegar um mikla örorku hafi verið að ræða. Stuðst hafi verið við þessar uppgjorsreglur um langt árabíll, bæði við uppgjör utan réttar og fyrir dómstólum. Hafi þótt ljóst, að reglur þessar, sem að öllu leyti voru óskráðar og fóru algerlega eftir venju, voru um margt óljósar og tryggðu ekki jafnræði með tjónþolum við ákvörðun bóta. Enn fremur hafi þótt ljóst, að uppgjorsreglunum yrði ekki breytt nema með almennum lögum. Af því tilefni hafi verið lögfest á Alþingi skaðabótalög nr. 50/1993, sem gildi hafi tekið 1. júlí 1993, og með þeim rutt úr vegi þeim ágöllum og óvissu, sem einkennt hafi eldri uppgjorsreglur.

Þegar um börn sé að ræða og aðra, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig, að þeir afli engra eða lítilla vinnutekna, t. d. ungt fólk í skóla, sé mjög örðugt að styðjast við einstaklingsbundið mat eða reikningsreglur til að ákvarða tjón vegna skerðingar á getu til að afla vinnutekna síðar meir. Megi gera ráð fyrir, að geta til að afla vinnutekna skerðist ekki, þegar varanlegur miski (læknisfræðileg örorka) sé lítill. Í ljósi þessa hafi hinar stöðluðu bótareglur verið settar í 8. gr. skaðabótalaga. Sé fráleitt, að eldri uppgjorsreglur hafi verið svo fastar í sessi, að við þeim hafi ekki mátt hrófla með lagasetningu. Ekki verði heldur séð, að stjórnarskrárbundin réttindi þegnanna eða mannréttindi að öðru leyti hafi verið brotin með setningu laganna.

Röksemdir stefndu gegn einstökum málsástaðum stefnanda.

a. Mistök við lagasetningu.

Af hálfu stefnanda sé því haldið fram, að mistök hafi orðið við setningu skaðabótalaga, þannig, að ákvæði fyrri málsliðar 2. mgr. 8. gr. hefði átt að falla brott á sama veg og síðari málsli. 5. gr. í frumvarpi til skaðabótalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992, hafi gert, þegar frumvarpið var lagt að nýju fram á 116. löggjafarþingi. Samkvæmt því ákvæði skyldu bætur fyrir varanlega örorku falla niður, ef örorkan var metin minni en 15% og bæturnar væru ákveðnar eftir reglum 5. til 7. gr. frumvarpsins. Hér sé ólíku saman að jafna. Talið hafi verið rétt í þeim tilvikum, þegar um varanlega örorku (fjárhagslega örorku) hafi reynst á annað borð vera að einhverju leyti að ræða, að tjónþoli fengi bætur í samræmi við hina metnu örorku. Hins vegar hafi þótt óvarlegt í þeim tilvikum, þegar mati á varanlegri örorku varð ekki komið við, heldur einungis mati á varanlegum miska samkvæmt 4. gr., að fullyrða, að lágt miskastig hefði í för með sér skerðingu á aflahæfi. Því hafi þótt rétt við lagasetninguna að miða við, að einungis þeir, sem metnir eru til 15% varanlegs miska eða meira, ættu rétt til örorkubóta eftir reglum 8. gr. Lagafrumvarpið, sem lagt var fyrir 116.

löggjafarþingið, hafi að þessu leyti verið skýrt og ótvírætt og engum breytingum tekið í meðförum þingsins. Verði umræður á Alþingi við setningu laganna ekki skýrðar á neinn þann hátt, sem stefnandi gefi í skyn. Sé því með öllu vísað á bug, að mistök hafi orðið við lagasetninguna, sem taka þurfi tillit til við skýringu á eins afdráttarlausu ákvæði og fyrri másl. 2. mgr. 8. gr. laganna sé.

b. Brot gegn friðhelgi eignarréttarins.

Um þá málsástæðu stefnanda, að fyrri másl. 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga brjóti gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar, sé það að segja, að stefnandi hafi slasast tveimur árum og tæpum fjórum mánuðum eftir, að skaðabótalögin tóku gildi um mitt ár 1993. Áður en stefnandi hafi slasast, hafi hún ekki öðlast fyrir fram neinn rétt til bóta að tiltekinni fjárhæð, sem ákveðin hefði verið fyrir gildistöku laganna. Verði ekki séð, að eldri reglum við ákvörðun bóta fyrir líkamstjón verði jafnað við stjórnarskrárvarin eignarréttindi.

Þá hafi umrætt ákvæði almennt enga eignarskerðingu í för með sér, enda sé ekki við því að búast, að þeir, sem reglur 8. gr. nái til, verði fyrir fjártjóni, þegar varanlegur miski er metinn minni en 15%. Þá séu reglur 8. gr. vitaskuld almennar reglur, sem eigi við í öllum tilvikum, þegar svo háttar til, að tjónþoli er barn eða nýtir vinnugetu sína þannig, að hann hafi engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Fáí það því engan veginn staðist, að reglurnar nái aðeins til þröngs hóps.

Engin tilfærsla á eignum hafi orðið úr höndum tjónþola til tryggingafélaga við gildistöku skaðabótalaganna. Þótt hinar nýju reikningsreglur laganna leiði í einstökum tjónstilvikum til lægri bóta og hærri bóta í öðrum tilvikum en eldri bótareglur hefðu leitt til, hafi það alls enga tilfærslu á eignum í för með sér, enda hafi enginn eignarréttur á bótum stofnast fyrr en í fyrsta lagi við það, að stefnandi slasaðist. Með sömu rökum og stefnandi haldi fram, séu bætur, sem samkvæmt reglum skaðabótalaga eru hærri en eldri bótareglur gerðu ráð fyrir, ólögmet eignartilfærsla úr höndum greiðenda bótanna til tjónþola. Fáí röksemdir af þessu tagi vitaskuld ekki staðist.

c. Brot gegn jafnræðisreglu.

Mótmælt sé, að fyrri másl. 2. mgr. 8. gr. skaðabótalaga brjóti í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Sé hið umdeilda ákvæði liður í almennum fyrirmælum skaðabótalaga um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku, þegar ekki sé unnt að beita reglum 5. til 7. gr. við ákvörðun slíkra bóta. Í þessum almennu reglum sé ekki að finna mismunun af neinu tagi, þótt reglurnar leiði vissulega til þess, að bætur séu ekki hinar sömu í öllum tilvikum. Þótt reglurnar leiði til þess, að ekki komi til örorkubóta, þegar varanlegur miski er metinn minni en 15%, leiði það ekki til þess, að brotið

sé jafnræði með þjóðfélagsþegnum, sem verndað sé með 65. gr. stjórnarskrárinnar.

d. Bætur samkvæmt eldri reglum.

Reglur skaðabótalaga um ákvörðun bóta séu mjög skýrar, svo að ekki verði um villst, hverjar þær bætur séu, sem stefnandi eigi tilkall til. Hvað sem líði bótafjárhæðum í því einstaka tilviki, sem deilt er um í máli þessu, sé ótvírætt, að almennt hafi náðst sá tilgangur skaðabótalaga að bæta hag barna, ungmenna og heimavinnandi húsmæðra frá því, sem áður gildi, einkum þegar um mikla örorku sé að ræða.

Um einstaka kröfuliði.

Við uppgjör skaðabóta til tjónþola 29. október 1996 hafi verið um fyrirvaralaust fullnaðaruppgjör að ræða að öllu leyti, þó að undanskildum fyrirvara um bætur fyrir varanlega örorku. Fyrirvari í greiðslukvittun, sem útbúin var á skrifstofu lögmanns stefnanda, eftir að bótauppgjörið var gert, breyti hér engu um. Hafi því allar kröfur, sem stefnandi geri nú í máli þessu, verið endanlega útkljáðar við uppgjörið að frátalinni kröfunni um örorkubætur. Er því harðlega mótmælt, að frekari kröfur verði teknar til greina í máli þessu, en engu að síður þyki rétt að gera grein fyrir afstöðu stefndu til einstakra kröfuliða.

Þjáningabætur. Stefndi Trygging hf. hafi þegar greitt þjáningabætur, að fjárhæð 73.100 kr., eins og stefnandi geri kröfu um. Séu þjáningabætur því að fullu greiddar og geti ekki frekar komið til álitá.

Varanlegur miski. Stefndi Trygging hf. hafi þegar greitt bætur fyrir varanlegan miska, að fjárhæð 343.480 kr., eins og stefnandi krefjist. Geti því frekari bætur samkvæmt þessum lið ekki komið til álitá.

Tímabundið atvinnutjón. Umsamdar fullnaðarbætur fyrir tímabundið atvinnutjón, að fjárhæð 200.000 kr., hafi þegar verið inntar af hendi, en þetta sé sama fjárhæð og stefnandi krefjist. Geti þessi krafa því ekki komið til álitá nú.

Fjártjón og útlagður kostnaður. Undir þessum kröfulið fari stefnandi fram á bætur, að fjárhæð 179.904 kr. Af þessari fjárhæð hafi stefndi Trygging hf. þegar greitt 99.000(?) kr., þ. e. læknskostnað 4.100 kr., sjúkraþjálfun 8.724 kr., fatatjón og o. þ. h. 4.000 kr. og örorkumat 55.000 kr. Sé frekari bóttum eindregið mótmælt, m. a. með vísan til þess, að fullnaðaruppgjör hafi þegar farið fram að þessu leyti. Enn fremur verði ekki séð, að þær kröfur, sem stefnandi gerir umfram það, er þegar hefur verið greitt, teljist vera tjón, sem stefndu eigi að bera ábyrgð á. Þá séu þessar kröfur með öllu vanreifðar, svo að ógerlegt sé að taka þær til greina.

„Annað fjártjón.“

Stefnandi geri kröfu um „annað fjártjón“ að fjárhæð 300.000 kr. Sé þessi kröfuliður ekki rökstuddur og engin gögn lögð fram til stuðnings honum. Sé því ekki unnt að taka kröfu þessa til greina. Skuli á það bent, að með bótum fyrir tímabundið atvinnutjón hafi einkum verið um að ræða tjón, sem leitt hafi af námstöf stefnanda. Geti því frekari bætur vegna námstafa ekki komið til álita.

Varanleg örorka. Mótmælt sé harðlega kröfu stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku, að fjárhæð 5.066.330 kr., sem rangri og ólögmati. Vísist um frekari rökstuðning til þess, sem að framan er rakið.

Varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda séu sagðar vera hinar sömu og aðalkrafan, en með breyttum kröfum um bætur fyrir varanlega örorku. Eigi þessar kröfur sér ekki nokkra lagastoð og þeim því harðlega mótmælt.

Vextir. Ef til þess kæmi, að stefnanda yrðu að einhverju leyti dæmdar hærri bætur en hún hafi þegar fengið greiddar, sé augljóst, að slíkar bætur myndu styðjast við túlkun og skýringu á einstökum ákvæðum skaðabótagaga. Við þær aðstæður sé rétt, að við ákvörðun bóta og vaxta verði horft til þess, að bætur verði verðtryggðar samkvæmt 15. gr. skaðabótagaga og beri að auki 2% ársvexti samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna. Verði þannig litið til gildandi bótafjárhæða á endanlegum dómsuppsögudegi, en frá þeim tíma sé hins vegar ekki gerður ágreiningur um rétt stefnanda til dráttarvaxta af dómsfjárhæð, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

IV.

Með gildistöku skaðabótagaga nr. 50/1993 1. júlí 1993 voru lögfestar almennar bótagreglur, sem að mörgu leyti voru frábrugðnar þeim reglum, sem stuðst hafði verið við um áratugaskeið og mótast höfðu meðal annars af dómvenju. Leiða hinar nýju reglur til þess, að sumir, sem hefðu átt rétt á hærri bótum samkvæmt hinum eldri, ólögfestu reglum, fá nú lægri bætur og öfugt.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna skal, þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin, litið til þess, hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika, sem það veldur í lífi tjónþola. Skal varanlegur miski metinn til stiga og miðaður við ástand tjónþola, eins og það er, þegar ekki er að vænta frekari bata.

Í 1. mgr. 8. gr. skaðabótagaga kemur fram, að bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig, að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skuli ákvarða á grundvelli miskastigs samkvæmt 4. gr., og skuli bætur ákveðnar sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska eftir reglum 1.–4. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Í athugasemdum með 8. gr. laganna segir meðal annars svo:

„Þeir, sem 8. gr. tekur til, eru börn og tjónþolar, sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig, að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Bætur til þeirra skulu ákveðnar á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Auk barna á 8. gr. við um maka eða sambúðarmaka, sem vinna heimilisstörf, sbr. 3. mgr. 1. gr., og ungt fólk, sem stundar nám.“ Þá segir síðar í athugasemdunum:

„Reglur 8. gr. taka, eins og áður segir, einkum til barna, námsmanna og þeirra, sem vinna við heimilisstörf. Núgildandi réttarreglur um mat á varanlegu fjártjóni tjónþola úr þessum hópum eru um margt óljósar. Skoðanir manna eru einnig mjög skiptar um, hvernig edlilegt eða sanngjarnt sé að haga reglum um mat á tjóni þeirra. Hér er valin sú leið að taka upp staðlaðar bætur til þeirra tjónþola, sem 8. gr. tekur til. Er það gert að fyrirmynd nýjustu lagareglna, er settar hafa verið um þetta efni annars staðar á Norðurlöndum.

Ákvæði 8. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins, munu í einhverjum tilvikum geta leitt til þess, að tjónþolar, sem vinna heimilisstörf, fái hærri skaðabætur fyrir sama örorkustig en tjónþolar, er afla launatekna utan heimilis. Reynsla undanfarinna ára og áratuga er hins vegar sú, að dæmdar örorkubætur til heimavinnandi húsmæðra hafa verið lágar. Tilraunir til að bæta hlut þeirra hafa ekki borið mikinn árangur. Reglum frumvarpsins um þetta efni er ætlað að tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að réttur þeirra, sem vinna heimilisstörf án verulegra tekna af vinnu utan heimilis, verði almennt ekki lakari en tjónþola, sem hafa launatekjur. Telja má hagræðið af stöðlun bótareglna svo mikið, að ekki sé til vinnandi að lögfesta flóknar reglur í því skyni að koma í veg fyrir, að húsmæður og aðrir, sem vinna heimilisstörf án eiginlegra launatekna, fái í einhverjum tilvikum bætur, sem álíta má hagræðari en örorkubætur tjónþola, er starfað hafa í atvinnulífínu.“

Er frumvarp til skaðabótalaga var lagt fyrir 116. löggjafarþing árið 1992, var fellt niður ákvæði, sem var í 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. fyrri gerðar frumvarpsins, þess efnis, að örorkubætur skyldi ekki greiða, væri varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna minni en 15%. Segir í athugasemdum með frumvarpinu, að ákvæði þetta hafi verið tekið óbreytt úr dönsku lögnum, sem voru fyrirmynd frumvarpsins. Í athugasemdunum segir svo:

„Í greinargerð með þeim [dönsku skaðabótalögnum] segir, að tilgangur ákvæðisins sé eingöngu sá að koma í veg fyrir, að fjalla þurfi um tilvik, sem yfirleitt eru smávægileg og þar sem erfitt er að færa sönnur á, að tjón hafi orðið. Í dönskum lögskýringargögnum kemur fram, að reynslan sýnir, að

varanlegur tekjumissir af völdum örorku er sjaldnast minni en 15–20%, ef fjártjón hefur orðið á annað borð. Auk þess kemur fram, að með 15% lágmarki er ekki stefnt að því að girða fyrir bótarétt tjónþola, þótt fyrir liggi, að varanlegur tekjumissir sé minni en 15%. Í samræmi við þetta er samsvarandi regla í dönsku skaðabótalögunum skilin og framkvæmd þannig, að ef leitt er í ljós, að tjónþoli hefur í raun beðið varanlegt tekjutjón, er örorka hans metin a. m. k. 15%, þótt tekjutjónið nái ekki 15%.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að neðri mörk bætanslegs tjóns vegna varanlegrar örorku voru samkvæmt fyrri gerð frumvarpsins ekki eins ósveigjanleg og ætla mátti af orðalagi ákvæðis þess, sem hér um ræðir. Lengi má deila um, hve mikið varanlegt vinnutekjutap þurfi að vera til þess að geta talist mælanlegt í hundraðshlutum. Í fyrri gerð frumvarpsins er talið, að ekki sé ástæða til að nota nákvæmari mælikvarða en umrædd regla gerir ráð fyrir. Í þessu frumvarpi er hins vegar talið rétt að fella neðri mörkin alveg niður í samræmi við ábendingar, sem komu í nokkrum um-sögnum um frumvarpið.“

Í beinu framhaldi þessa er svohljóðandi málsgrein:

„Oft er miklum erfiðleikum bundið að meta vinnutekjutjón vissra hópa tjónþola, þ. e. barna, ungs fólks í skóla og þeirra, sem vinna heimilisstörf. Er því lagt til í 8. gr. frumvarpsins, að örorkubætur til tjónþola, sem nýta starfsgetu sína að verulegu leyti til annars en að afla vinnutekna, skuli ákveðnar eftir miskastigi skv. 4. gr. Þess vegna skal ekki meta örorku þessara tjónþola á grundvelli örorkustigs skv. 5. gr.“

Með 2. gr. laga nr. 42/1996, sem tóku gildi 1. júlí 1996, var lágmarksmiskastig samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1993 lækkað úr 15% í 10%. Segir svo í niðurlagi athugasemda með lagafrumvarpinu um lækkunina:

„Jafnframt leggur nefndin það til, að því lágmarksákvæði 1. másl. 2. mgr. 8. gr. laganna, en sú grein fjallar um bætur til tekjulausra einstaklinga, að engar örorkubætur greiðist, þegar miskastig er minna en 15%, verði breytt þannig, að lágmarkið verði fært niður í 10% og gerðar samsvarandi breytingar á reiknireglu 2. másl. 2. mgr. 8. gr. Þessar tillögur eru jafnframt í samræmi við meirihlutaálit tvímenninganna [Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns og Gunnlaugs Claessen hæstaréttardómara] við fyrri skoðun skaðabótalaganna.“

Stefnandi var sextán ára að aldri á slysdegi. Samkvæmt skattframtölum hafði hún engar tekjur árið 1993, tekjur hennar árið 1994 voru samtals 28.826 kr., og þá námu vinnutekjur hennar árið 1995 288.795 kr. Fram er komið í málinu, að stefnandi var nemandi í Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki, er umrætt slys varð. Verður því að telja ljóst af framansögðu, að aðstæður stefnanda eru með þeim hætti, að þær falla undir ákvæði 1. mgr. 8. gr. skaðabótalaga.

Svo sem hér hefur verið rakið, hefur löggjafinn farið þá leið um bætur til þeirra, sem ekki hafa haft vinnutekjur, er slys verður, eða vinnutekjur þeirra hafa verið svo takmarkaðar, að örðugt er að meta framtíðarvinnutekjutap, að bætur til þeirra eru staðlaðar miðað við læknisfræðilegt miskastig. Þá er gert ráð fyrir því í lögnum, að örorka lægri en 10%, upphaflega 15%, svo sem áður segir, leiði almennt ekki til skerðingar á aflahæfi þeirra einstaklinga, er eiga undir 1. mgr. 8. gr. laganna. Verður því að telja, að miðað við það, sem rakið hefur verið hér að framan úr athugasemdum með frumvörpum þeim, er urðu að lögum nr. 50/1993 og lögum nr. 42/1996 um breyting á þeim lögum, komi fram skýr og ótvíræður löggjafarvilji. Það mat löggjafans að lækka miskastig úr 15% í 10% með lögum nr. 42/1996 breytir hér engu, hvað stefnanda varðar, þar sem varanlegur miski hennar var einungis metinn 8%.

Stefnandi varð fyrir umræddu slysi 22. október 1995, liðlega tveimur árum eftir gildistöku skaðabótaglagna, en í 28. gr. þeirra segir, að lögin eigi við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem verður eftir gildistöku þeirra 1. júlí 1993. Verður ekki talið, að stefnandi hafi öðlast fyrir fram rétt til bóta í tíð hinna eldri reglna vegna slyss þess, sem hér um ræðir. Samkvæmt því varð stefnandi ekki fyrir neinni þeirri skerðingu á eignarrétti við gildistöku laga nr. 50/1993, sem varinn er af 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. áður 67. gr. stjórnarskrár, sem í gildi var á slysdegi. Brýtur fyrri másl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1993 því eigi í bága við umrætt stjórnarskrárákvæði.

29. október 1996 tók lögmaður stefnanda við bótum fyrir hönd stefnanda fyrir tímabundið atvinnutjón, að fjárhæð 116.120 kr., er staðgreiðsla skatta hafði verið dregin frá, með svofelldri áritun á „skaðabótakvittun“:

„Trygging hf. hefur greitt undirrituðum skaðabætur fyrir ofanskráð tjón samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, sem hér með kvittast fyrir í tvíriti. ... Jafnframt afsalast til Tryggingar hf. allar endurgreiðslur eða kröfur á hendur þriðja aðila vegna tjónsins.“

Sama dag og að ofan greinir, tók lögmaðurinn jafnframt á móti greiðslu úr hendi tryggingafélagsins vegna þjáningabóta 67.500 kr., miskabóta 343.480 kr., vaxta 36.842 kr., lækniskostnaðar/lyfjakostnaðar 4.100 kr., sjúkraþjálfunar 8.724 kr., fatnaðar o. fl. 4.000 kr., örorkumats 55.000 kr. og lögfræðikostnaðar 59.100 kr., samtals 578.746 kr., með eftirfarandi áritun á tjónskvittunina: „Trygging hf. hefur greitt undirrituðum skaðabætur fyrir ofanskráð tjón samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, sem hér með kvittast fyrir í tvíriti, sem fullnaðarbætur fyrir allt líkamstjón Rannveigar af völdum slyssins. Af hálfu tjónþola er fyrirvari um frekari bætur vegna varanlegrar örorku. Jafnframt afsalast til Tryggingar hf. allar endurgreiðslur eða kröfur á hendur þriðja aðila vegna tjónsins.“

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að tjón stefnanda hafi verið gert upp að fullu með áðurnefndri greiðslu að undanskildum áskilnaði stefnanda um frekari bætur vegna varanlegrar örorku. Hefur „kvittun“ frá skrifstofu lögmanns stefnanda, sem dagsett er sama dag og ofangreint bótauppgjör fór fram, þar sem fram kemur, að við greiðslu hafi verið tekið með fyrirvara um fullnaðarbætur, því ekki sérstaka þýðingu í málinu; en auk þess má skýra fyrirvarann með hliðsjón af nefndum áskilnaði um viðtöku skaðabóta úr hendi hins stefnda tryggingafélags um „ . . . frekari bætur vegna varanlegrar örorku“. Verður því ekki heldur talið, að fyrirvari þessi sé í ósamræmi við áritunina á kvittun tryggingafélagsins.

Þar sem slys það, sem stefnandi rekur tjón sitt til, varð eftir gildistöku áðurnefndra skaðabótalaga, fer um bótarétt hennar eftir þeim lögum. Koma því hinar eldri reglur ekki til álita í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að tjón hennar sé ekki þegar að fullu bætt með þeim bótum, sem hún hefur tekið við úr hendi hins stefnda tryggingafélags. Af því leiðir, að ekki verður fallist á þá röksemd stefnanda, að bótaréttur hennar hafi takmarkast af löggjöf, sem brjóti í bág við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem hún var lögfest með 3. gr. áðurnefndra laga nr. 97/1995. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt er, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Svo sem áður greinir, fékk stefnandi gjafsókn í málinu eftir dómtöku þess. Er gjafsóknin takmörkuð við úrlausn efnisatriða málsins hér fyrir dómi, en stefnandi hefur þegar fengið ýmsan útlagðan kostnað, þar með talinn kostnað vegna örorkumats, greiddan frá hinu stefnda tryggingafélagi. Þá hefur félagið einnig greitt 59.100 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti í lögfræðikostnað vegna málsins. Samkvæmt því ber að ákveða, að laun lögmanns stefnanda, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 140.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts á málflytningsspóknun.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Trygging hf. og Norðurleið-Landleiðir ehf., eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Rannveigar Rósar Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Laun lögmanns stefnanda, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, 140.000 kr., greiðast úr ríkissjóði.